

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Hlyni Kristinssyni, forstöðumanni skíðasvæða
Dags. 10. mars 2021
Mnr. 2021020073



ÍSAFJARÐARBÆR

Forstöðumaður skíðasvæðis leggur til að keypt verði belti á snjótroðara.

Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar rekur tvo Pisten Bully 600 snjótroðara og er ástand á beltum sem undir þeim er slæmt en sér í lagi á nýrri snjótroðara. Á honum höfum við verið að lenda í að slit sem er komið í reimar beltisins hafa þau áhrif að hann brýtur mikið spyrnur í belti en spyrnan kostar 38.746 kr. m./vsk. stk. Eðlileg keyrsla á belti er talin vera um 2700 tímar en troðari er komin í 4500 tíma á belti. Við vorum með lykil fyrir endurnýjun á belti í fjárhagsáætlun en lentum í veseni með lyftumótor sem þurfti að lagfæra strax og endurnýja og var sú ákvörðun tekin af forstöðumanni, sviðsstjóra og bæjarstjóra að nota fé sem ætlað var í beltið frekar í lyftumótor þar sem meira svigrúm var með kaup á belti.

Núna er þó svo komið að það þarf að endurnýja beltið og þá verðum við að óska eftir viðauka að lágmarksupphæð 6.500.000 kr.

Sviðsmyndir sem ég sé eru fjórar:

1. Gera ekki neitt og eyða 30-120 þús. kr. á viku í spyrnur.
2. Kaupa álbelti eins og er undir troðaranum á 6.500.000 kr. m./vsk.
3. Kaupa stálbelti þar sem spyrnur endast í 20 ár en þarf bara að endurnýja reimar. Það minnkar rekstrarkostnað um 6-8 milljónir á 20 árum en eykur aðeins olíukostnað þar sem þau eru þyngri. Kostnaður 7.100.000 kr. m./vsk.
4. Kaupa tvö belti þar sem eldri troðari er komin líka á tíma og þarfnast nýs beltis á næsta ári. Hægt væri að dröslast á því belti í 1-2 ár í viðbót með því að sameina beltið undir honum við ónýta beltið í hinum troðaranum.

Með kveðju,
Hlynur Kristinsson